

Ár 2016, þriðjudaginn 21. júní, er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Halldóri Frimannssyni og Sigurði I. Halldórssyni.

### Fyrir er tekið málið nr. 4/2016

HK/Víkingur  
gegn  
Breiðabliki/Augnabliki

Gögn málsins liggja frammi.

1. Kæra, dags. 8. júní 2016, ásamt fylgiskjölum.
2. Greinargerð kærða. dags. 14. júní 2016.

Er nú í nefndinni kveðinn upp svohljóðandi

## ÚRSKURÐUR:

### I.

#### Kærandi:

HK/Víkingur  
Fyrirsvarsmaður: Katla Guðjónsdóttir

#### Kærði:

Breiðablik/Augnablik  
Fyrirsvarsmaður: Eysteinn Pétur Lárusson

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu KSÍ þann 8. júní 2016. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð með tölvupósti sama dag og gefinn frestur til 15. júní 2016. Kærði skilaði greinargerð 14. júní 2016.

#### Kröfur:

Kærandi krefst þess að honum verði dæmdur 0-3 sigur í leik Breiðabliks/Augnabliks og HK/Víkings í Íslandsmóti 2. flokks kvenna A, sem fram fór þann 6. júní 2016, kl. 16,30 á Smárahvammsvelli, vegna ólöglega skipaðs liðs kærða í leiknum.

Kærði skilaði greinargerð, dags. 14. júní 2016, þar sem hann viðurkennir að hafa verið með ólöglegan leikmann í leiknum.

### II.

#### Málsatvik:

Samkvæmt kæru kemur eftirfarandi fram varðandi málsatvik:

*"Mánudaginn 6. júní síðastliðinn keppti lið HK/Víkings í 2. flokki kvenna við lið Breiðabliks/Augnabliks í Íslandsmóti í þeim aldursflokki. Meðal leikmanna sem*

*Breiðablik/Augnablik tefldi fram í leiknum var einn eldri leikmaður sem lék með meistaraflokki Augnabliks gegn Gróttu fimmtudaginn 2. júní síðastliðinn. Umræddur leikmaður var fyrirlíði liðsins, Steinunn Sigurjónsdóttir, kt. 150696-2089, sem fædd er 1996.*

*Í 33. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót nr. 3/2016 er kveðið á um að aldur þeirra sem hlutgengir eru til þátttöku í 2. flokki sé 19 ára á almanaksárinu og yngri. Steinunn er eldri. Í 33. gr. er ákvæði til bráðabirgða 2016 svohljóðandi: „Heimilt er að hafa þrjá eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem eru 20 - 22 ára á almanaksárinu (konur fæddar 1994, 1995 og 1996) og léku ekki með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.“ Þar sem Steinunn lék með meistaraflokki Augnabliks í næsta leik á undan þá var hún ekki gjaldgeng til að spila leikinn gegn HK/Víkings í 2. flokki. Lið Breiðabliks/Augnabliks var þar með ólöglega skipað í þeim leik. Þess er krafist að ákvæði greinar 40.1 verði beitt þannig að leikurinn teljist tapaður fyrir Breiðablik/Augnablik 0-3. Af hálfu HK/Víkings er ekki gerð krafa um að leikmaðurinn verði úrskurðaður í leikbann sbr. grein 40.2.”*

Varðandi brot kærða vísar kærandi til til 33. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Varðandi viðurlög er vísað til 40. gr. sömu reglugerðar.

Kærði hefur gengist við brotinu og óskar eftir að leikmanninum verði ekki refsað með leikbanni fyrir mistök félagsins.

### III.

#### Niðurstaða:

Samkvæmt 33. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er heimilt að hafa 3 eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem eru 20-22 ára á almanaksárinu og léku ekki með meistaraflokki félagsins næsta leik á undan. Í málinu liggur fyrir viðurkenning kærða á því að brotið var gegn þessu ákvæði í leik liðanna 6. júní s.l. þegar Steinunn Sigurjónsdóttir, kt. 150696-2089, spilaði með í leiknum þrátt fyrir að hafa leikið með meistaraflokki Augnabliks 2. júní 2016.

Með vísan til þessa er fallist á kröfu kæranda í málinu og úrslitum leiksins breytt þannig að HK/Víkingsi er úrskurðaður sigur með markatölunni 0-3 sbr. gr. 40.1. í Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Auk þess ber að sekta lið sem mætir ólöglega skipað til leiks, skv. gr. 40.1. Með vísan til þess ber kærða að greiða kr. 25.000 í sekt til KSÍ.

### IV.

#### Úrskurðarorð:

Úrslit í leik HK/Víkings og Breiðablik/Augnabliks í Íslandsmóti 2. flokks kvenna A sem fram fór þann 6. júní 2016 er breytt þannig að leikurinn dæmist Breiðablik/Augnabliki tapaður með markatölunni 0-3. Breiðablik/Augnablik greiði sekt að fjárhæð kr. 25.000 til KSÍ.

Halldór Frímansson  
(sign)

Gunnar Guðmundsson  
(sign)

Sigurður I. Halldórsson  
(sign)

**Um áfrýjun:**

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um Aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til Áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.